



## Fundargerð

Fundur í skipulags- hafna- og húsnæðisnefnd Reykhólahrepps  
fimmtudaginn 3. nóvember 2022 kl. 10.30

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykholum.

Mætt; Jóhanna Ösp Einarsdóttir formaður, Arnþór Sigurðsson, og Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir.  
Einnig sátu fundinn Grettir Ásmundsson byggingafulltrúi, Arwa Alfadhli skipulagsfulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestir á fundinum voru Matthildur Kr. Elmarsdóttir frá Alta ráðgjöfum og sat hún fundinn undir lið 2 á dagskránni og Guðmundur I. Arnarsson umsjónarmaður fasteigna sem sat fundinn undir lið 4 á dagskránni.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er 4 blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið. Hún kannaði hvort athugasemdir væru gerðar við fundarboðið. Engar athugasemdir bárust. Þá spurði hún eftir öðrum málum á dagskrá. Þrjú mál bárust og var samþykkt að taka þau fyrir undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnanefndar 8. september 2022.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

#### 2. 2004013 - Endurskoðun aðalskipulags Reykhólahrepps .

Matthildur Kr. Elmarsdóttir ráðgjafi hjá Alta ráðgjöfum fór yfir tillögu að Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2022 – 2034, ásamt minnisblaði vegna lokaafgreiðslu nefndarinnar.

Tillaga að Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2022-2034, ásamt tilheyrandi umhverfismatsskýrslu, var auglýst á grundvelli 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 þann 8. júlí 2022 með athugasemdafresti til 26. Ágúst 2022. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir eða umsagnir:

1. Breiðafjarðarnefnd, dags. 26.8.2022

2. Eigendur að landareigninni Hafrafelli 3

a. Ásta Guðjónsdóttir, dags. 6.8.2022

b. Erla Ingibjörg Guðjónsdóttir, dags. 11.8.2022

c. Gunnar Guðjónsson, dags. 10.8.2022

d. Hafliði Guðmundur Guðjónsson, dags. 8.8.2022

e. Þorleifur Guðjónsson, dags. 6.8.2022.

3. Eigendur að jörðinni Kletti í Kollafirði

- a. Gunnsteinn Haraldsson, dags. 18.8.2022
- b. Hrafnhildur Haraldsdóttir, dags. 24.8.2022
- c. Jóhannes Haraldsson, dags. 24.8.2022
- d. María Kristjánsdóttir, dags. 24.8.2022
- e. Soffía Haraldsdóttir, dags. 24.8.2022
- 4. Sævar Jónsson, dags. 9.10.2022.
- 5. Fiskistofa, dags. 22.9.2022
- 6. Ísafjarðarbær, dags. 11.8.2022
- 7. Landsnet, dags. 29.8.2022
- 8. Minjastofnun Íslands, dags. 22.7.2022
- 9. Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 26.8.2022
- 10. Samgöngustofa, dags. 15.8.2022
- 11. Strandabyggð, ódags.
- 12. Svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar, dags. 5.9.2022
- 13. Umhverfisstofnun, dags. 26.8.2022
- 14. Veðurstofa Íslands, dags. 18.8.2022
- 15. Vegagerðin, dags. 23.8.2022

*Skipulags-, bygginga-, húsnæðis- og hafna nefnd Reykhólahrepps hefur farið yfir athugasemdirnar og samþykkt svör við þeim, sbr. minnisblað með þessari fundargerð þar sem einnig er yfirlit yfir efni athugasemda. Nefndin leggur til að sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykki Aðalskipulag Reykhólahrepps 2022-2034 með þeim lagfæringum og breytingum sem lýst er í minnisblaðinu, sbr. 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykktin er með hliðsjón af umhverfismatsskýrslu tillögunnar, sbr. 16. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, en í skýrslunni kemur fram að tillagan er í heild sinni metin í samræmi við umhverfisviðmið á sviðum umhverfis, efnahags og samfélags. Þegar skipulagsgögn hafa verið lagfærð samkvæmt svörum í minnisblaðinu verði aðalskipulagstillagan og tilheyrandi umhverfismatsskýrsla send Skipulagsstofnun til lokaafgreiðslu. Jafnframt verði skipulagsfulltrúa falið að senda afgreiðslu sveitarstjórnar til þeirra sem gerðu athugasemdir og niðurstaða sveitarstjórnar auglýst, sbr. 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga og kynnt skv. 3. mgr. 16. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Samþykkt samhljóða.*

### 3. 2209001 - Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps, hafnarmál, leiguíbúðir og veitur.

Drög að fjárhagsáætlunum lagðar fram.

*Nefndin fór yfir fjárhagsáætlanirnar og felur sveitarstjóra að vinna úr hugmyndum sem fram komu á fundinum er varða breytta hlutdeild hafnar, taka tillit til nýs liðar í gjaldskrá og laga rekstur á leiguíbúðum. Samþykkt samhljóða.*

**4. 2211006 - Viðhald fasteigna Reykhólahrepps.**

Guðmundur I. Arnarsson umsjónarmaður fasteigna fór yfir stöðu viðhaldsmála vegna fasteigna sveitarfélagsins.

*Nefndin leggur til við sveitarstjórn að fengin verði verkfræðistofa til að vinna viðhaldsáætlun fyrir sveitarfélagið. Samþykkt samhljóða.*

**5. 2211001 - Aðalskipulag Ísfjarðarbæjar 2008 - 2020, breyting.**

Lagðar eru fram tvær breytingar á aðalskipulagi Ísfjarðarbæjar 2008 – 2020.

**5.1 Mjólkárvirkjun lagning jarðstrengs.**

**5.2 Vestfjarðarvegur nr. 60, Dynjandisheiði, námur.**

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við ofangreindar breytingar á aðalskipulagi Ísfjarðarbæjar 2008 – 2020. Samþykkt samhljóða.*

**6. 2208005 - Framkvæmdaleyfi Reykhólahöfn.**

*Nefndin felur skipulags- og byggingafulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi til handa Borgarverki vegna vinnu við endurnýjun Reykhólahafnar. Samþykkt samhljóða.*

**7. 2211002 - Suðurbraut 2 – lóðarnr. 178188, ósk um skiptingu lóðar.**

Lögð er fram tillaga Orkubús Vestfjarða að skiptingu lóðarinnar Suðurbrautar 2 í tvær lóðir.

*Nefndin samþykkir erindið og felur byggingafulltrúa að vinna að málefninu. Samþykkt samhljóða.*

**8. 2211003 - Kirkjutröð 2 - lóðarnr. 139654, lóðarleigusamningur.**

Lagður er fram lóðarleigusamningur um lóð 139654 ásamt uppdrætti. Hnitsettur uppdráttur hefur verið samþykktur af eigendum Kirkjutraðar 2.

*Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja lóðarleigusamninginn ásamt uppdrætti. Samþykkt samhljóða.*

**9. 2211004 - Fyrirspurn Skipulagsstofnunar um áform um endurskoðun aðalskipulags og gerð eða endurskoðun svæðisskipulags.**

Fyrirspurn Skipulagsstofnunar dagsett 10. október 2022 lögð fram.

*Skipulagsnefnd felur sveitarstjóra að svara fyrirspurninni. Samþykkt samhljóða.*

**10. 2210001 - Skoðunarskýrslur leiksvæða 2022.**

*Farið yfir skoðunarskýrslur BSI á Íslandi á leiksvæðum Reykhólaskóla, grunn- og leikskóladeildar.*

**11. 2211005 - Ályktanir af Hafnasambandsþingi 27. – 28. október 2022.**

Lagðar eru fram til kynningar ályktanir af Hafnarsambandsþingi 2022.

**Önnur mál (ef einhver):**

**12. 2211008 - Gröf landnr. 139572. Umsókn um byggingaleyfi vinnubúða.**

Lögð er fram umsókn frá Borgarverki ódagsett vegna vinnubúða í landi Grafar.

*Nefndin samþykkir umsóknina með fyrirvara um teikningar og samþykki landeigenda og felur byggingafulltrúa að afgreiða málið. Samþykkt samhljóða.*

**13. 2211007 - Kleifarstaðir fastanr. 2122304, umsókn um byggingaleyfi.**

Lögð er fram umsókn frá Axeli Þórissyni og Veru Dögg Antonsdóttur ódagsett.

*Nefndin samþykkir umsóknina og felur byggingafulltrúa að afgreiða málið. Samþykkt samhljóða.*

**14. 2211010 - Sólbakki fastanr. 2122814, uppsetning á vindrafstöð og sólarpanela.**

Erindi frá Kristínu Ingimarsdóttur dagsett 25. ágúst 2022.

Málinu frestað.

Fundi slitið kl. 13.25

Fundargerð undirrituð með rafrænum undirskriftum.